

Mánudaginn 19. júní 1989.

Nr. 235/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Sigurjóni Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr., 3. tölulið, laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. júní 1989, sem barst Hæstarétti 16. júní. Verður að skýra kærana svo, að í henni felist krafa um, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. júní 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 14. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Sigurjóni Péturssyni, atvinnulausum, til lögheimilis að Engjaseli 72, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi í 13 daga eða til þriðjudagsins 27. júní nk. kl. 17.00.

Aðfaranótt sl. mánudags um kl. 3.30 var gerð tilraun til að brjótast inn í Vöruhúsið Hólmkjör í Stykkishólmi. Síðar þessa sömu nótt var framinn innbrotsþjófnaður í verslunarhúsnæði Kaupfélags Hvammsfjarðar í Búðardal og stolið verðmætum, að fjárhæð u.þ.b. 600.000,00 kr., nánar tiltekið í reiðufé, tékkum, greiðslukortanótum og öðrum viðskiptanótum.

Við rannsókn þessara tveggja mála vaknaði fljótlega grunur um, að Jón Helgi Hjartarson, kt. 20.08.60-4629, ætti hér hlut að máli. Leiddi það til þess, að laust eftir kl. 14.00 í gærðag var hann handtekinn og færður til

skýrslugjafar. Við yfirheyrslur hjá RLR og hér í dóminum skýrði Jón Helgi frá ferðum sínum vestur í Stykkishólm og Búðardal aðfaranótt sl. mánudags. Hafi kærði, Sigurjón, verið með honum í ferð þessari, og hafi hann gert tilraun til innbrots í Vöruhúsið Hólmkjör, en orðið frá að hverfa. Þeir hafi síðan ekið, sem leið lá, inn í Búðardal, og þar hafi kærði, Sigurjón, brotist inn í verslunarhúsnæði kaupfélagsins þar. Hafi hann komið með poka, sem í voru peningar og ávísanir, í bifreið sína, þ.e. Jóns Helga.

Um kl. 22.30 í gærkvöld handtók RLR kærða. Var hann yfirheyrður um sakarefnið fyrr í dag, en neitaði staðfastlega að eiga hér nokkurn hlut að máli. Er framburður kærða fyrir dómi óbreyttur, og kveðst hann geta sýnt fram á það með vætti vitna, að hann hafi verið hér í Reykjavík alla aðfaranótt sl. mánudags.

Verið er að rannsaka ætluð brot kærða og Jóns Helga Hjartarsonar gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, og er rannsókn þessara mála enn á frumstigi, sem m.a. má ráða af því, að enn hefur einungis óverulegur hluti þýfisins komið í leitirnar. Með vísan til þess, sem að framan greinir, og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða til greina að fullu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigurjón Pétursson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 13 daga eða til þriðjudagsins 27. júní nk. kl. 17.00.